

80

29. júlí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 30 1. febrúar 1936, um breyting á
og viðauka við siglingalög nr. 56 30. nóvember 1914.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna þeirra fjárhagsörðugleika, sem síldveiðiflotinn á nú við að búa vegna aflabrests það sem af er vertíðinni, geti skipstjóri síldveiðiskipanna hvergi fengið keyptar vistir til skipanna, nema því aðeins að kröfur, sem stofnaðar hafa verið eða stofnaðar verða vegna kaupa á vistunum verði látnar njóta sjóveðsréttar.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skulu kröfur, sem skipstjóri hefur stofnað til vegna úttektar á vistum til skipa þeirra, er síldveiðar stunda sumarið 1949, vegna síldveiðanna, njóta sjóveðsréttar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. júlí 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

81

21. júlí

AUGLÝSING

um, að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 21. júlí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Birgir Thorlacius.